




Hafnarfjörður

Hafnarfirði 9. ágúst 2022.





Minniblað Suðurbæjarlaug - framkvæmdir 2022.

Í ár er í grunninn 4 verkefni í gangi í Suðurbæjarlaug.

Í fyrsta lagi var um að ræða nauðsynlegar lagfæringar á flísalögn laugarkers, en það varð að vinna í sumar vegna hitastigs. Ekki er hægt að vinna slíkt nema lofthiti sé þokkalegur.

Í annan stað er um að ræðu vinnu vegna breytinga. Þar er um að ræða gerð kaldra potta, vaðlaugar gufubaðs, lagfæringar lagna í útiklefa og breytingar innanhúss. Sá verkþáttur var boðin út.

Í þriðja lagi stendur til á haustmánuðum að endurnýja loftræstingu í innilaug.

Þá eru önnur verkefni, annað smávægilegt viðhald eins og dúkalagning á líkamsrækt, lagfæringar á flísum málun og fleiri smærri verk.

Boðnar voru út framkvæmdir við Suðurbæjarlaug. Um er að ræða nýja vaðlaug, kalda potta, gufu sem og að fjarlægja brekku, áhorfendapalla og almenn lagfæring á útsvæði laugarinna og standsetningu búningaðstöðu.

Útboðið var auglýst 10. júní og opnað þann 27. júní. Skemmst frá því að segja að engin tilboð bárust.

Þann 26 júní síðastliðin var byrjað að láta renna úr sundlauginni. Helsta ástæða þess er lagfæring á flísalögn laugarkersins. Verktakinn, Stjóri, hóf vinnu strax morgunninn eftir við að brjóta og laga flísalögnina. Hugmyndin var að nýta tímann til að klára útboðsverkið að mestu samhliða.

Áður hafði verið farið í verðboð frá helstu söluaðilum búnaðar fyrir sundlaugar um hreinsibúnað og annað sem erfitt gæti verið að fá til landsins. En nauðsynlegt í framkvæmdinni. S Hermannson voru ódýrastir í hreinsibúnaðinn, en Borgarplast bauð best í jöfnunartankana. Flísar voru keyptar af Birgisson, en Birgisson er með umboð fyrir Bructal sem er framleiðandi upphaflegu flísa sundlaugarinnar.

Þar sem ekki fengust tilboð í opna útboðið var samið beint við mismunandi aðila, annaðhvort á einingarverðum eða tímagjaldi. Um er að ræða minnkaða framkvæmd. Unnið verður að jarðvinnu, uppsteypu múrverk, flísalögn, garðyrkju, raflögn, forritun, sem og pípulögn ásamt uppsetningu búnaðar. Hugmyndin er að klára alla grófustu vinnuna meðan sundlaugin er lokuð. Planið er að opna laugina sem fyrst og girða sig af og vinna síðan áfram þó sundlaugin sé kominn í almenna notkun. Verkið er samt nokkuð flókið, margir koma að framkvæmdinni. Meðal annars eru 2 jöfnunartankar, 2 sett af hreinsibúnaði hita og klórstyringar og fleira.


Verktakar sem samið var beint við eru á eftirtöldum verksviðum.

- Trésmíði, uppsteypa og tréverk: HH Trésmíði
- Múrverk, uppsteypa og flísalögn: Stjóri
- Jarðvinna, gröftur, förgun og fyllingar: Reynir
- Garðyrkja, Yfirborðsfrágangur : Óákveðið.



Hafnarfjörður

- Pípulögn, lagnir og búnaður: Kári Samúelsson Pípari
- Raflögn, almenn raflögn, stýringar forritun: Gaflarar.
- Málari, smávægileg málningarvinna: Litco Ólafur Gíslason





Hafnarfjörður

Gult er viðgerð á flísum, er að mestu leiti bundin við þetta svæði en einnig þarf minni lagfæringar annarstaðar svo og endurkíttun og endurfúgun. Verkefni sem einungis er hægt að vinna í sumarlokun, vegna hita. Verkefni líkur mánudaginn 15. ágúst. Laugin mun opna mjög fljótt eftir þann tíma.

Blátt er ný vaðlaug, nýir kaldir pottar, ný gufa og lagfæringar á klefum. Þetta er hluti af því sem boðið var út í opnu útboði en ekki fengust boð í.

Aðrar framkvæmdir eru meðal annars dúkalögn í líkamsrækt, sem líkur þann 10.08. Enda mun ræktin líklega opna þann 11. ágúst, sem og gufan.

Einnig hefur verið hönnuð ný loftræsting, fyrir innilaugina. Stefnt er að bjóða hana út á haustmánuðum. Sú framkvæmd mun ekki hafa áhrif á starfsemi laugarinnar.

Á næstu árum er fyrirhugað að breyta rennibrautum og yfirborðafrágangi á lóð, ásamt endurgerð og standsetningu á búningsklefum, uppfærslu á aðal loftræstikerfi og fleira. Þær framkvæmdir ættu ekki að hafa teljandi áhrif á starfsemi laugarinnar.

Fjárveiting til endurgerðar í sundlauginni er tvíþætt. Annarsvegar 11 milljónir í hefðbundið viðhald og 5 m.kr í fjárfestingarverkefni. Síðan voru hins vegar áætlaðar 200mkr á þessu ári í útboðsframkvæmdina. Vegna þess að ekki bárust tilboð í sumar í heildarverkefnið var sú tala lækkuð í bæjarráði þann 28/7 síðastliðinn.



Einar Haraldsson

Verkefnisstjóri fasteigna